

Sveitarfélagið Ölfus
Bt skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 17. janúar 2018
UST201711-192/B.S.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag – breyting - virkjun á Hellisheiði

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, er barst 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi virkjunar á Hellisheiði.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að áætluð breyting felur í sér að skipulagssvæði virkjunar á Hellisheiði stækkar til norðvesturs um 131 ha og við það stækkar skipulagssvæðið í 1.493 ha. Einnig kemur fram að Orka náttúrunnar áætlað að reisa jarðhitagarð á stækkunarsvæðinu sem er á flatlendi milli Búrfellslínu og Sogslínu. Eins og fram kemur í lýsingu er áætlað framkvæmdasvæði innan iðnaðarsvæðis skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2010 – 2022.

Náttúruminjar

Í umfjöllun um umhverfisaðstæður kemur fram að Draugatjörn er um einn kílómetra norðvestan við Kolviðarhól, og að þar er nokkuð votlendi í kring. Í lýsingu kemur ekki fram hve stórt tjarnar- og votlendissvæðið er. Umhverfisstofnun minnir á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta tjarnir og votlendi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til.

Einnig kemur fram í lýsingu að hluti svæðisins er á mosa vöxnu hrauni og bendir stofnunin einnig á að nútímahraun nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um fráveitu, og hvernig leysa á fráveitumál á því iðnaðarsvæði sem áætlað er að byggja upp.


Umhverfisviðmið


Umhverfisstofnun tekur undir lista af viðmiðum en bendir á að lög um náttúruvernd eru nr. 60/2013 og hafa tekið við af lögum nr. 44/1999.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu en minnir á sérstaka vernd á hrauni, votlendi og tjarnarsvæði og bendir á mikilvægi þess að slíkum svæðum verði ekki raskað nema brýna nauðsyn beri til. Einnig er nauðsynlegt að fjallað verði um fráveitulausnir hins nýja iðnaðarsvæðis.

Beðist er velvirðingar á því hversu langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur